

fyrir utan landhelgislinuna, þegar hann var stöðvaður. Byggir hann þetta, á því, að hann hafi mælt hæðarhornið frá sér til nefnds sjávarmerkis- 9' og miðað stefnu þess eftir kompás sínum i NV til V, en dýpið 138 mtr.

Við athugun á uppdrætti kærða, sem hann hefir farið eftir, kom i ljós, að nefnt sjávarmerki á Sjávarmelum er rangt staðsett. En enda þótt farið sé eftir þessu og mælingum kærða, verður staður togarans hjá bojunni samt ekki nema ca. 0.2 úr sm. fyrir utan linuna eftir athugunum skipherra varðskipsins — gjörðri (sic) eftir að rannsókn var lokið.

Litið burt frá þessu verður rétturinn að telja, að þessar athuganir kærða geti ekki komið til greina gegn mælingum skipherra varðskipsins, bæði vegna þess, að þær eru eftir eðli sínu ekki eins ábyggilegar og svo einnig vegna þess, að kærði lét ekki ábyrga menn af varðskipinu fylgjast með þeim, þegar hann gerði þær, enda þótt það væri innan handar.

Það verður því skv. því, sem að framan er greint, að telja nægilega sannað i málinu, að kærði hafi togað á landhelgis-svæðinu og með því gjörzt brotlegur gegn 1. gr. 1. nr. 5, 18. maí 1920. Þareð um er að ræða fyrsta brot kærða á lögum þessum, og með hliðsjón af því, að dagsgengi krónunnar er kr. 00,8215 úr gullkrónu, telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500.00 sem greiðist innan 4 vikna, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd, og rennur i Landhelgissjóð Íslands. Auk þess skulu öll veiðar-færi, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs i áðurnefndum togara vera upptækt og andvirðið renna i sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Mánudaginn 17. júní 1929.

Nr. 42/1929.

Einar M. Jónasson (Sjálfur)

gegn

J. Þorláksson & Norðmann, Finni

Thorlacius og Birni Þórðarson

(Lárus Fjeldsted og Magnús Guðmundsson).

Skaðabætur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. maí 1929:

Stefnt firma, Jón Þorláksson & Norðmann, skal vera sýknt af kröfum stefnandans Einars M. Jónassonar í máli þessu, og skal stefnandinn greiða því kr. 100.00 í málskostnað.

Stefndur, Finnur Thorlacius, greiði stefnandanum kr. 363.50 með 5% ársvöxtum frá 4. febrúar 1929 til greiðsludags og falli málskostnaður að því, er hann snertir, niður.

Framangreind ummæli og aðdróttun skulu vera dauð og ómerk.

Stefnandinn greiði 25 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarssjóð Reykjavíkur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, 2 daga einfalt fangelsi.

Hið idæmda greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og dómnum að öðru leyti að fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Krafa áfrýjanda á hendur hinu stefnda firma, J. Þorláksson og Norðmann, um, að það verði ásamt stefndum, Finni Thorlacius, dæmt, að viðlögðum dagsektum, til að ljúka við kjallarabygginguna á lóð áfrýjanda við Laufásveg 19 hér í bænum, verður eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að firmað hefir aldrei, hvernig sem skifti þess og áfrýjanda eru metin, undirgengist eða bakað sér nokkura skyldu í þá átt. Hið stefnda firma átti að vísa tal um það við áfrýjanda, að hann setti því áðurnefnda eign að veði fyrir 8000 kr., með 1. veðrétti, til tryggingar greiðslu á vörum, er firmað svo léti til byggingarinnar. Í stað þess gaf áfrýjandi út 8000 kr. veðbréf til handa stefndum, Finni Thorlacius, til tryggingar »efni og vinnulaunum«, og með því skilorði, að veðrétturinn myndaðist eftir því, sem verkinu »hér eftir miðar áfram«. Þetta veðbréf seldi svo Finnur firmanu að handveði, og skuldaði hann þá firmanu fyrir byggingarefni kr. 2000. Firmað tilkynnti svo áfrýjanda, að það hefði fengið veðbréfið hjá

Finni að handveði. Á þessu verður þó eigi byggð skylda á hendur firmanu til frekari efnisútláta, enda var veðbréfið í verulegum atriðum öðruvísi en firmað gat búizt við að það yrði, að því er ætla má eftir samtali þess við áfrýjanda. Verður því og að sýkna hið stefnda firma af skaðabótakröfu áfrýjanda, eins og héraðsdómarinn hefir gjört.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða **gestaréttardóms**, um málskostnað til handa hinu stefnda firma, og að dæma áfrýjanda til að greiða því málskostnað fyrir hæstarétti, og er hann ákveðinn 100 kr.

Stefndur, Finnur Thorlacius, og áfrýjandi gjörðu með sér samning um það 12. sept. 1927, að Finnur skyldi byggja kjallara húss þess, sem áfrýjandi ætlaði að reisa á áðurnefndri lóð við Laufásveg 19, eftir uppdrætti, er stefndur hafði gjört, fyrir alls kr. 25600.00. Þenna uppdrátt samþykkti byggingarnefnd að visu ekki, og átti húsið að verða 1, 25 metra lengra en til var ætlast, þegar samningurinn 12. sept var gjörður. Þessi breyting verður ekki talin svo veruleg, að stefndur leystist þar með frá samningnum, heldur átti hann einungis kröfu til þess, að fá bættan upp kostnaðarauka þann, sem breytingin hefði haft í för með sér. Stefndur byrjaði og á verkinu og hélt því áfram, án þess að nýr samningur væri gjörður, og hefir hann þegar með því sýnt i verki til fullrar hlítar viðurkenningu sína á því, að honum bæri skylda til að inna verkið af hendi. Án þess að séð verði, eða því hafi verið haldið fram, að áfrýjandi, sem innt hefir af hendi greiðslur þær, er honum bar að láta stefndum í té fyrir verkið, eftir því, sem því miðaði áfram, hafi vanefnt samninginn, hætti stefndur við verkið áður en því væri lokið, og án þess að séð verði, að hann hafi gjört áfrýjanda viðvart

um það, eða sagt það í ábyrgð hans, að því, er virðist í marz 1928. Að visu verður stefndur eigi nú dæmdur, að viðlögðum dagsektum, til að leysa verkið sjálft af hendi, eins og áfrýjandi krefst, eftir að áfrýjandi hefir látið líða hátt upp í ár, án þess að gjöra þá kröfu gildandi á hendur stefndum, eða áskilja sér rétt til að koma henni fram, enda virðast skaðabótakrafa áfrýjanda og endurgreiðslukrafa hans ekki samrímamlegar þessari kröfu. En stefndur hefir með því að hætta verkinu, eins og áður er sagt, bakað áfrýjanda tjón, er honum er skylt að bæta. Stefndum bar skylda til, er hann hætti verkinu, og með tilliti til þess, að áfrýjandi átti ekki heima hér á staðnum, að ganga svo frá, að verk það, sem þegar var unnið, yrði ekki fyrir spjöllum þeim, er hægðarleikur var að afstýra. En það gjörði hann eigi, og voru því allar rúður í byggingunni algjörlega eyðilagðar. Verður því að dæma stefndan til að greiða bætur fyrir þau spjöll, er telja má hafa hlotizt af þessu athafnaleysi hans. Auk þess hefir stefndur seinkað byggingunni fyrir áfrýjanda, og má ætla, eftir því sem á stóð, að þær tafir hefði numið allt að 3 mánuðum, þótt áfrýjandi hefði haldið verkinu áfram, og hefir stefndur því bakað áfrýjanda vaxtatap af þeim 19000 kr., sem hann hafði lagt í bygginguna, þann tíma, og af þeim 12000 kr., er lóðin kostaði áfrýjanda. Verður að meta þá vexti eins og útlánsvextir Landsbankans voru á þeim tíma. Þykja vextir og bætur þær, er stefndum ber samkvæmt þessu að greiða áfrýjanda, hæfilega ákveðnar 1500 kr. með 5 ⁰/₁₀ ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eins og fyr segir, verður að telja stefndan hafa tekið að sér að fullgjöra kjallara í fyrirhuguðu húsi áfrýjanda fyrir kr. 25600, að því viðbættu, er meira

kostaði að leysa verkið af hendi vegna áðurnefndra breytinga á húsinu. Nú hætti stefndur við verkið ólokið, en áfrýjandi, sem hefir greitt kr. 1700 og sett trygging fyrir kr. 2000.00 fyrir verkið, telur sig hafa ofgreitt honum kr. 4500.00. En með því að eigi liggja fyrir ábyggilegar upplýsingar um það, hvers virði verk það af byggingu kjallarans á áðurnefndri lóð, sem stefndur innti af hendi, er, þykir verða að láta það fara eftir mati dómkvaddra þar til hæfra manna, og endurgreiði þá stefndur áfrýjanda mismuninn, milli kr. 19000.00 og þeirrar upphæðar, sem metin verður, þó ekki yfir kr. 4500.00 með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndur, Finnur Thorlacius, greiði áfrýjanda málskostnað fyrir gestaréttinum og hæstarétti, er ákvæðst 400 kr.

Áfrýjandi hefir stefnt héraðsdómaranum, Birni lögmanni Þórðarson, sem hvorki hefir mætt né látið mæta fyrir hæstarétti, til ábyrgðar fyrir dóm sinn og málsmeðferð, og hefir áfrýjandi krafizt þess, að héraðsdómarinn verði dæmdur til að taka þátt í greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarétti. Fyrir þessari kröfu eru engin rök færð, og verður því að sýkna dómarann af henni.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, firmað J. Þorláksson & Norðmann, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Einars M. Jónassonar. Ákvæði gestarréttardómsins, um ómerkingu átalinna ummæla, eiga að vera óröskuð. Áfrýjandi greiði 25 kr. sekt, er renni að hálfu í rikissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, og komi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd

innan viku frá lögbirtingu dómsins, 2 daga einfalt fangelsi. Svo greiði áfrýjandi firmanu í málskostnað, fyrir báðum réttum, kr. 200.00.

Stefndur, Finnur Thorlacius, greiði áfrýjanda 1500 kr. með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags. Svo greiði hann áfrýjanda og þá upphæð, er metin verður af óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þó eigi yfir 4500 kr. með 5 % ársvöxtum frá 4. febr. 1929 til greiðsludags. Loks greiði stefndur áfrýjanda 400 kr. í málskostnað fyrir báðum réttum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu, er Einar M. Jónasson fv. sýslumaður hefir höfðað fyrir gestaréttinum sem gestur hér í bænum, með utanréttarstefnu, dagsettri 4. febrúar 1929 gegn firmanu, Jón Þorláksson & Norðmann og Finni Thorlacius byggingarmeistara, báðum hér í bænum, tjáir stefnandi málsvexti þá, að stefndur Finnur hafi með samningi, dagsettum 12. september 1927 tekið að sér að reisa kjallara á lóð hans nr. 19 við Laufásveg hér í bænum og skila honum fullgjörðum fyrir ákveðinn tíma. Umsamið verð fyrir kjallarabygginguna hafi verið kr. 25600.00, er hafi átt að greiðast smátt og smátt meðan á byggingunni stæði, að undanteknum kr. 10000.00, er hafi ekki átt að greiðast fyr en að loknu verki. Á meðan á byggingu þessari stóð, kveður stefnandi það hafi orðið að samkomulagi með sér og stefndu firma, að það fengi 1. veðrétt í eigninni gegn því að leggja til í bygginguna sem svaraði 8 þúsund krónum, en samningur þessi hafi síðar breytzt þannig, að meðstefndur Finnur hafi fengið tryggingarbréf með 1. veðrétti í eigninni fyr allt að 8000 krónum, en hann hafi svo aftur sett firmanu bréf þetta að handveði fyrir efnis úttekt. Heldur stefnandi því fram, að með því að taka við bréfi þessu að veði,

hafi stefnt firma skuldbundið sig til þess að lána út á það, eins og upphaflega var talað um, og jafnframt hafi það með þessu, en þó sérstaklega með því að taka við ávísun frá Finni, á þá upphæð, er honum hafi borið að fá útborgaða, þegar verkinu hafi verið lokið, tekið ábyrgð á því, að hann uppfyllti áðurgreindan samning (lyki við kjallarasmiðina). Nú hafi stefndur Finnur rofið samninginn með því að hætta við bygginguna ófullgjörða, enda þótt hann hafi á þeim tíma verið búinn að fá greitt meira heldur en honum hafi borið meðan á byggingunni stóð og tryggingu fyrir eftirstöðvunum, og þar sem firmað hafi beinlínis verið orsök í samningsrofum hans, með því að ástæðulausu að hætta að lána út á veðið efni til byggingarinnar, þá sé mál þetta höfðað. Hefir stefnandi nú gjört þær réttarkröfur í málinu, að stefndir verði in solidum dæmdir til þess, að viðlögðum 50 króna dagsektum, að ljúka við kjallarabygginguna, samkvæmt fyrgreindum samningi, og enn fremur, að þeir verði dæmdir til þess að greiða honum 5—10 þúsund krónur í skaðabætur fyrir álitshnekki og tjón, er hann hafi beðið vegna vanefnda á samningnum. Þá hefir stefnandi og krafizt þess, að stefndur Finnur verði dæmdur til þess sérstaklega að greiða honum kr. 4500.00, er stefnandi telur sig hafa greitt til hans um skyldu fram eftir byggingarsamningnum, og miðað við verk það, sem hann hafi þegar leyst af hendi, án tillits til þess, hvort krafa hans um kjallarasmiðina verði tekin til greina. Loks hefir stefnandi krafizt 5 % ársvaxta af upphæðum, þeim er honum kunna að verða tildæmdar frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir hafa báðir mótmælt kröfum stefnanda og krafist sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins.

Stefnt firma byggir sýknukröfuna á því, að það hafi hvorki með samningi eða á annan hátt tekið að sér að byggja eða ábyrgjast að meðstefndur þess fullgjörði umrædda kjallarabyggingu. Auk þess sé það ekki á neinn hátt skuldbundið gagnvart stefnanda til þess að leggja til efni í bygginguna, með því að samningurinn milli þess og hans hafi fallið niður, þegar það hafi ekki fengið veð beint frá honum eins og um var talað. Þar sem nú ekki verður á það fallizt hjá stefnanda, að nokkur rök liggi til þess að líta svo á, að stefnt firma hafi skuldbundið sig gagnvart honum, með því að fá áður nefnt

tryggingarbréf að handveði eða taka við fyrgreindri ávísun á stefnandann hjá meðstefndum þess, og firmað virðist hafa samið við hann en ekki stefnanda um úttekt til byggingarinnar, og stefnandi ætti því ekki sókn þess máls, þótt firmað hefði í einhverju vanefnt þá samninga, þá verður ekki séð, að kröfur stefnanda á hendur því um byggingu eða skaðabætur hafi við rök að styðjast, og ber því að sýkna það af þeim að öllu leyti.

Sýknukröfuna af kjallarasmiðinni byggir stefndur Finnur á því, að samningur sá, sem stefnandi byggir kröfu sína á, hafi fallið úr gildi með því að ekki hafi fengist leyfi byggingarnefndar til þess að byggja eftir uppdrætti þeim, er sá samningur var miðaður við. Hús það, er samþykkt hafi verið að reisa, hafi verið nokkru stærra og því mun dýrara en upphaflega var áætlað, að það skyldi verða, og sé því útilokað að samningurinn hafi átt að gilda óbreyttur um það í hinn nýju mynd. Telur stefndur að ekkert hafi verið endanlega samið um byggingu kjallarans, eins og hann hafi orðið eftir þessum nýja uppdrætti, og sé því krafa stefnanda um kjallarabygginguna ekki á neinum rökum byggð.

Stefnandi hefir nú viðurkennt það, að húsinu hafi verið breytt frá því sem það átti að vera upphaflega, en heldur því fram, að við þá breytingu hafi sparast vinna, er hafi numið a. m. k. því, er húsið annars hefði orðið dýrara, vegna stærðarmunarins, og hafi því verið tilætlunin að hinn upphaflegi samningur gildi áfram óbreyttur.

Á þetta verður þó ekki fallið hjá stefnanda, því að það kemur greinilega fram í bréfi frá stefndum til hans, dagsettu 9. dez. 1927, eða nokkru eftir að samningurinn var gjörður, að stefndur hefir ekki talið sig bundinn við hann vegna umræddrar breytingar. Gjörir stefndur í bréfi þessu tilboð í húsið eftir hinum nýja uppdrætti, og segist ætla að senda stefnanda síðar lýsingu á því, hvernig það byggist og eins hvernig greiðslum skuli hagað. Þá er og ljóst af því, sem fyrir liggur í málinu, að greiðslurnar hjá stefnanda hafa ekki farið fram eftir upprunalega samningnum og bendir það einnig til þess, að hann hafi ekki gilt.

Þar sem það nú verður að teljast upplýst samkvæmt framsögðu, að samningurinn hafi breytzt, en það kemur hinsvegar ekki greinilega fram í málinu hverjar breytingar hafi á honum orðið, eða hvort algjörlega nýr samningur hafi verið

gjörður, og hvernig hann þá hafi verið, þá verður ekki séð, að krafa stefnanda um það, að stefndur fullgjöri kjallarasmiðina sé nægilega rökstudd og ber því að sýkna stefndan af henni. Af sömu ástæðu ber og að sýkna stefndan af kröfu stefnanda um skaðabætur fyrir tjón og álitshnekki vegna stöðvunarinnar.

Að því, er snertir endurgreiðslukröfuna, kr. 4500.00, þá hefir stefndur Finnur viðurkennt að hafa móttengið í peningum hjá stefnanda kr. 17000.00 og við það bætist svo 2000 króna efnisúttekt hjá meðstefndu firma, sem upplýst er, að stefndur hefir fyrsta veðrétt fyrir í margnefndri eign stefnanda. Hefir stefnandi því til sönnunar, að hann hafi ofgreitt stefndum framangreinda upphæð, kr. 4500.00, látið fara fram virðingargjörð á húseigninni, og er byggingin samkv. henni metin á kr. 14636.00.

Stefndur hefir eindregið mótmælt því, að virðingargjörð þessi sé réttur mælikvarði á vinnu þá og efni, er til byggingarinnar hafi farið, og þar sem hún virðist vera venjuleg lántökuvirðing, en þær munu ekki svara til kostnaðarverðs, og með því ennfremur að stefndandi hefir ekki hnekkt þeirri staðhæfingu stefnds, að ýmislegt hafi verið unnið að byggingunni eftir að virðingin fór fram, og ekki verður séð, að nokkurt tillit hafi verið tekið til timburs, er við hana hafi verið notað, né heldur að stefndum hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur, er virt var, til þess að gæta réttar sins, þá verður ekki á virðingargjörðinni byggt um það, hvað kostað hafi að koma byggingunni upp. Hinsvegar hefir stefndur lagt fram reikning yfir kostnaðinn við kjallarabygginguna og nemur hann samkvæmt þeim reikningi kr. 18636.50.

Stefnandi hefir nú mótmælt því, að nokkur slík úttekt, er á reikningnum greinir, hafi farið fram til byggingarinnar, en þar sem slík mótmæli virðast vera algjörlega út í bláinn, þá verður ekkert tillit tekið til þeirra, heldur verður reikningurinn lagður til grundvallar fyrir kostnaðarverði byggingarinnar. Litur rétturinn því svo á, að stefndum beri að standa stefnandanum skil á mismuninum á reikningsupphæðinni og upphæð þeirri, sem hann samkvæmt framansögðu hefir tekið á móti, og verða því úrslit málsins þau, að hann verður dæmdur til þess að endurgreiða þann mismun, kr. 363.50 með vöxtum eins og krafizt hefir verið.

Eftir þessum úrslitum málsins hér fyrir réttinum, þykir hæfilegt, að stefnandi greiði stefndu firma kr. 100.00 í málskostnað,

en hinsvegar falli málskostnaður niður að því, er stefndan Finn snertir.

Í einu sóknarskjali sinu hefir stefnandi dróttað því að stefndu firma, að það hafi beitt hann svikum. Hefir það krafist þess, að ummæli stefnanda í þessu sambandi, »svikið út úr sér« og »greinileg svik« og aðdróttunin, sem í þeim felst, séu dæmd dauð og ómerk, og stefnandi sektaður fyrir þau, og ber að taka þá kröfu til greina. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 25.00, er renni að hálfu í rikissjóð og að hálfu í bæjar-sjóð Reykjavíkur, og komi í hennar stað, ef hún er ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, tveggja daga einfalt fangelsi.

Ekki þykir ástæða til að taka til greina kröfu stefnds firma um sekt á hendur stefnanda fyrir óþarfa þrætu.

Miðvikudaginn 19. júní 1929.

Nr. 79/1928.

Réttvísinn (Lárus Fjeldsted)
gegn

Porkeli Blandon (Sveinbjörn Jónsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 1. okt. 1927, tilkynnti framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands lögreglustjóra Reykjavíkur, að ákærði, er var gjaldkeri Brunabótafélagsins, hefði játað á sig sjóðþurð, og krafðist framkvæmdarstjórinn sakamálsrannsóknar út af þessu. Lögreglustjórinn lét fulltrúa sinn rannsaka málið, og með bréfi, dags. 3. s. m., sendi hann bæjarfógeta Reykjavíkur málið til frekari meðferðar. En bæjarfógetinn tók þó ekki málið til rannsóknar, heldur sendi hann það samdægurs til dómsmálaráðuneytisins og ritaði á bréf lögreglustjórans, að hann sendi málið eftir samtali við dómsmálaráðherrann þá um morguninn, og bætti því